

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna verslunar- og þjónustusvæða og vatnsbóla á Þingvöllum.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. nóvember 2025.

Í breytingunni felst stækkun verslunar- og þjónustusvæðis VB2 við Snjókagjá í um 27,4 ha vegna áforma um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn. Einnig er skilgreint nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu VB50 við Valhallarstíg nyrðri, um 0,5 ha, þar sem gert er ráð fyrir ferðaþjónustu og aðstöðu fyrir landverði. Óbyggt svæði minnkar til samræmis. Þá er tveimur nýjum brunnsvæðum vatnsbóla bætt við, VB26 og VB27, ásamt grann- og fjarsvæðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 22. janúar 2026